

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs 2. fundur 6. apríl 2001

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs föstudaginn 6. apríl 2001 kl. 16.00 í húsnæði safnsins að Hamraborg 1-3, 3. hæð.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson, varastjórnarmennirnir Ingvi Þorkelsson, Margrét Björnsdóttir og Ólafur Jónsson og Leo Ingason héraðsskjalavörður.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. - Í upphafi var rætt um formlegt heiti stofnunarinnar vegna misræmis sem komið hafði fram í gögnum sem fram voru lögð á fyrsta stjórnarfundum og hættu á ruglingi af þeim sökum síðar. Milli fundna hafði ritari borið málið undir formann og að hans ósk undir þjóðskjalavörð og bæjarstjóra. Eftir það samráð og umræður á fundinum var ákveðið að heitið skyldi vera Héraðsskjalasafn Kópavogs (þótt það sé t.d. kallað Bæjarskjalasafn Kópavogs í samþykkt bæjarstjórnar frá 24. okt. 2000, sbr. 1. fg., c-l) og forstöðumaður þess þá kallast héraðsskjalavörður.

Meðan þetta mál var óafgreitt hafði ekki verið gengið endanlega frá fundargerð fyrsta fundar, en hún var síðan samþykkt og undirrituð.

Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem send hafði verið út og var sem hér segir:

1. Kynning varastjórnar.
2. Húsnæði og búnaður.
3. Önnur mál.

1. Kynning varastjórnar.

Formaður lagði fram bréf, dags. 1. mars 2001 og undirritað af bæjarritara, þar sem tilkynnt var að á fundi bæjarstjórnar Kópavogs 13. febrúar 2001 hefðu Ingvi Þorkelsson, Margrét Björnsdóttir og Ólafur Jónsson verið kjörin varamenn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs.

Þau höfðu verið boðuð á fundinn til kynningar. Að ósk formanns gerði héraðsskjalavörður þeim í stuttu máli grein fyrir hlutverki og starfsemi safnsins, eins og stjórnarmönnum áður á fyrsta fundi. Ákveðið var að uppástungu formanns að varamönnum sem öðrum skyldu framvegis sendar fundargerðir til þess að auðvelda þeim að fylgjast með.

2. Húsnæði og búnaður.

Formaður bað héraðsskjalavörð að upplýsa fundarmenn um hvað gerst hefði í sambandi við þau mál (sbr. 1. fg., 4.l.). Hann kvað sitthvað hafa þokast í rétta átt og m.a. hefði burðarþol gólfplötu verið endurreiknað og ágreiningur fulltrúa bæjar og ríkis um tæknileg og verkfræðileg álitamál í því sambandi verið leystur. Að kröfu fulltrúa ríkisins í tæknimálum væri nú líka komið öryggiskerfi (vegna hugsanlegs bruna, vatnsskemmda eða innbrota) í húsnæði safnsins, svo og hillur með 700 m hillurými fyrir skjöl. Eftir er að ganga nánar frá samkomulagi milli safnsins og leigusala um afnot beggja af sameiginlegu plássi og munu formaður og héraðsskjalavörður athuga það mál betur.

Formaður spurði hvernig gengið hefði að útvega nauðsynlegan búnað og fé til kaupa á honum. Héraðsskjalavörður nefndi að ljósritunarvél þyrfti að fá sem fyrst, m.a. vegna afgreiðslu umbeðinna skjalagagna, og var honum falið að vinna áfram að því í umboði stjórnar að búa safnið sem best að tækjum.

3. Önnur mál.

- a) Stjórnin óskaði eftir að fá við fyrstu hentugleika skýrslu héraðsskjalavarðar um kynnisför hans til Hollands (sbr. 1.fg., 3.l.). Einnig mun hann skýra frá ferðinni á næsta fundi sem haldinn verður áður en langt um líður.
- b) Ingvi spurði um fjárhag safnsins og voru þau mál nokkuð rædd. Upplýst var að framvegis yrði það m.a. í verkahring stjórnar að semja fjárhagsáætlun þess og talað um að hefja þá vinnu sem fyrst. Nú í byrjun leggur fjármála- og stjórnisýslusvið safninu til nokkurt framkvæmda- og rekstrarfé, en jafnframt á ríkið að leggja því lítið eitt til.
- c) Margrét spurði um starfsmenn safnsins. Vísað var í 1. fg., 4.l., í því sambandi. Unnið er að því að í Hamraborginni verði starfsmaður í hálfu starfi með héraðsskjalaverði, en annar í fullu starfi við skjalavörsluna í Fannborg.
- d) Þá spurðu fyrirspyrjendur b- og c-liða m.a. um gamlar frumheimildir og ljósmyndir og var vísað í 1. fg., 6. og 7.l. a, í því sambandi.
- e) Fundinum lauk með skoðunarferð um húsakynnin, þar sem verið var að setja upp hillur, og spjalli um framtíð safnsins.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17.30.

Hilmar Björgvinsson formaður

Hjörtur Pálsson ritari

Gylfi Gröndal

Leo Ingason héraðsskjalavörður